

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	24.6.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd er gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina. Farið var yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi. Botnþykktarmæla skal geymi #15 (225-4978-030101) á árinu.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi. Sjö olíuskiljur eru í frárennsli stöðvanna, þar af tvær milliskiljur í jet- og gasolíuportum. Allar skiljurnar voru þjónustaðar á árinu 2015. Sandur úr sandföngum og olía úr olíuskiljum var tæmdur 25/9/2015.

Olíuskynjarar tengdir raflokum eru í skiljum nr. 1, 3, 5 og 6 og eru þeir prófaðir reglulega.

Bensín er geymd í stöðinni og gufuendurnýtingakerfi er tengt bensíngeymum og palli fyrir bensínafyllingu. Framleiðandi tækisins kemur í árlega úttekt og prófun á kerfinu. Síðast var kerfið prófað í heimsókn fulltrúa Cool Sorption í september 2015. Til samræmis við kröfur í reglugerð nr. 252/1999 skal losun bensíngufa í rúmmeter af lofti vera minni en 35 g (klukkutímameðaltal). Í mælingu sem gerð var 20. september 2015 á tímabilinu 14:15 til 15:15 var losunin 0,75 g/Nm³, vel undir mörkum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við hér. Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð.

ANNAÐ

Botnþykktarmæla skal geymi #15 (225-4978-030101) á árinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.06.2016

Gottskálf Friðgeirsson